

SIRKUS^{RVK}

6. JANÚAR 2006 | 1. VÍKA

53

**HVERNIG ER AÐ
VERA FRÆGUR?
FRÆGIR SVARA**

**ÞOKKAFULLAR
UNDIR ÞRÍTUGU**

**AUÐUNN
LÉT UMSKERA SIG**

**HEIÐAR
AUSTMANN**

GÁFAÐASTI PLÖTUSNÚÐUR LANDSINS

**STELPURNAR Í SÓFANUM
- STÓR TIPPI EKKI MÁLIÐ**

BJÖRGVIN FRANZ

**MEÐ ALLA BRESTI SEM
FÓLK MEIKAR EKKI**

BJÖRGVIN FRANZ GÍSLASON SLÓ Í GEGN Í ÁRAMÓTASKAUPINU. HANN RÆÐIR VIÐ SIRKUS UM
ÆSKUNA, EFTIRHERMURNAR OG ÞÁ STAÐREYND AÐ MARGIR HALDA AÐ HANN SÉ HOMMI

**ÚTSKRIFTARNEMAR FRÁ FATAHÖNNUNARBRAUT
LISTAHÁSKÓLANS SÝNA HÖNNUN SÍNA**

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

TÓNLISTARVEISLA Í HÖLLUNNI

TÓNLISTARMENN ÞYKJA VÆNT UM ÍSLENSKA NÁTTÚRU.



STRÁKARNIR Í SIGUR RÓS BERJAST GEGN STÓRIÐJU Á LANDINU



HLJÓMSVEITIN HJALMAR ÆTLA LEGGJA SITT AF MÖRKUM



BJÖRK KALLAR EKKI ALLT ÖMMU SÍNA ÞEGAR ÞAÐ KEMUR AÐ NÁTTÚRUSPJÖLLUM

Amorgun verða fyrstu stórtónleikar ársins 2006 í Laugardalshöllinni. Það er Hættu! – hópurinn sem heldur þessa tónleika til að mótmæla stóriðju á Íslandi og vernda íslenska náttúru. Því miður er löngu orðið uppselt á þessa blessuðu tónleika og ef að þú átt ekki miða þá ertu bara í vandræðum. Það verður sannkallað stjörnustríð í Laugardalshöllinni enda risastór nöfn að koma fram á tónleikunum. Stærstu nöfnin sem koma fram eru Björk, Sigur Rós, Damien Rice og Damon Albarn. Þeir tveir síðastnefndu eru miklir Íslandsvinir og unna landinu í heild, ekki bara Kaffibarnum. Ásamt þeim koma fram frábærir listamenn á borð við Mugison, Múm, KK, Hjalma, Ghostigital, Rass, Egó og Möggu Stína. Það eru ekki miklar líkur á því að tónleikar þessir verði lélegir þegar svona stórlistamenn láta til skarar skríða. Allir tónlistarmennirnir sem koma fram gefa sína vinnu til styrktar málefnum sem vinnur gegn stóriðju á Íslandi. Einnig gefa aðstandendur og aðrir starfsmenn í tengslum við tónleikana alla sína vinnu. Frítt er inn á tónleikana fyrir pólska verkamenn og verður kraftgöllum og klósettappír dreift til þeirra að loknum tónleikum. Vert er þó að benda á að ekkert er hæft í síðustu setningu.

SIRKUS MÆLIR MEÐ



Sirkus mælir með að einhver af íslensku sjónvarpsstöðvunum fari að sýna South Park þættina. Hvernig væri að leyfa Íslendingum að njóta snilli þeirra Matt Stone og Trey Parker. Við eigum skilið að fá að sjá meira af meistara Cartman sem verður að teljast fyndansta persóna í sögu teiknaðra sjónvarpsþátta.



Sirkus mælir með ljótum bílum. Í góðari eins nú ríður yfir landann eru allir plebbar bæjarins á nýjum og flottum bíl. Hvernig væri nú að skella sér á næstu bílasölu og kaupa vikilega ljótan en samt nýjan bíl.



Sirkus mælir með Hafragrauti með eplum og kanil úr pökkum. Nú er loks hægt að fá þennan holla morgunmat tilbúinn í pökkum. Þú einfaldlega setur haframjölilið úr pokanum í skál og hellir síðan heitu vatni yfir. Þá ertu komin með dýrindis hafragraut. Algjört möst fyrir þá sem eru að taka sig á í líkamsræktinni.

EIKI HAUKS SNÝR AFTUR

Rauðhærði rokkrefurinn Eiríkur Hauksson hefur undanfarin ár dvalið í Noregi. Nú er hann kominn hingað til lands til að láta landann dansa. Í kvöld og annað kvöld mun hann stíga á stökk á Kringlukránni. Þar mun koma fram með hljómsveitinni Pops og þenja sinn breiða barka. Sagt er að Eiki muni fara í gegnum 60's smellina með Bítlunum, Stones, Dylan, Kinks og fleirum og ættu allir að geta skemmt sér konunglega með þessum ástsæla rokkara.



SIRKUS

365

Auglýsingastjóri: Hannes Steindórsson
Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson
Sölustjóri: Einar Björgvin Davíðsson, sirkusauglysingar@365.is
Ritstjórn: Hjörvar Hafliðason, Katla Rós Völudóttir, Óli Hjörtur Ólafsson og Sólmundur Hólm.
Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Forsíðumyndina tók Heiða af Björgvini Franz Gíslasyni

EFNI 4 – Helgi Seljan vill detta í það með Hemma Gunn

6 – Hvernig er að vera frægur á Íslandi? Frægir svara

8-9 – Björgvin Franz er af morgun talinn hommi

10-11 – Stelpurnar í sófanum segja stór tippi ekki málið

12 – Auðunn lét umskeyra á sér besefann

14 – Hvernig týpa býr hér? Hemmi Feiti opnar dyrnar


16-17 – 53 þokkafullar undir þritugu

18 – Heiðar Austmann er gáfaðasti plötusnúður Íslands

21-23 – Útskriftarnemar úr fátahönnunardeild

Listaháskólanum sýna verk sín

29-31 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanaliðið í Reykjavík



Bildstöfja
Skipholt
Hafnarfirdi
Kópavogi



AMERICAN

STYLE

ERTU KOMIN MEÐ STYLE KORTIÐ?





BESTI FRÉTTAMAÐUR LANDSINS YFIRHEYRÐUR

HELGI SELJAN HEFUR VAKIÐ ATHYGLI FYRIR VASKLEGA FRAMGÖNGU Á SJÓN-
VARPSSTÖÐinni NFS. HANN ER AF MÖRG-
UM TALINN EINHVER BESTI FRÉTTAMAÐ-
UR LANDSINS EN NÚ ER KOMIÐ AÐ ÞVÍ AÐ
ÞESSI BEINSKEYTTI PILTUR SETJIST HINUM
MEGIN VIÐ BORDIÐ.

DRAUMUR AÐ DETTA Í ÞAÐ MEÐ HEMMA GUNN

EF ÞÚ VÆRIR KLÁMMYNDALEIKARI Í BANDARÍKJUNUM, HVÆÐ MYNDIRÐU HEITA?

Eitthvað sem kæmi fólki til að halda að ég væri mjög lítil og myndi mínimize-a mig. Held að nafnið Pewee væri gott.

EF ÞÚ SKORAÐIR SIGURMARKIÐ Í ÚRSLITALEIK HM Í FÓTBOLTA, HVÆRIG MYNDIRÐU FAGNA?

Ég myndi rífa mig úr að ofan og sýna tattúíð á bakinu á mér, sem á stendur Viva El Salvador.

LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS-IÐ SEM ÞÚ FÉKST OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?

„Vakandi?“ Ég má ekki segja frá hverjum það er en við skulum kalla manneskjuna Deep Throat. Ég gef ekki upp heimildamenn mína.

BÝRÐU YFIR EINHVERJUM SÉRSTÖKUM HÆFILEIK- UM?

Já, ég get beygt þumalputtann í níutíu gráður afturábak.

EF ÞÚ MÆTTIR VELJA ÞÉR FRÆNDA, HVER YRÐI ÞÁ FYRIR VALINU?

Ég held ég verði að segja Gillzenegger. Það væri alveg frábært að eiga hann fyrir frænda. Þá væri maður alltaf með einhverjar skemmtilegar sögur af uppáhaldsfrænda sínum.

VAR ÞÉR STRÍTT Á AÐ VERA HREINN SVEIN?

Nei, en það plagaði mig langt fram á 12 ára aldurinn.

HEFURÐU PRUMPAÐ Í BÍÓI?

Já, en ekkert eftirminnilega. Ég á það eftir en þegar það gerist læt ég ykkur vita.

HVERNIG MYNDIRÐU HAFNA AUGLÝSINGUNA ÞÍNA Á EINKAMÁL.IS?

Frændi Gillzeneggers óskar eftir að kynast karli eða konu, talsvert yfir lögdaldi. Ég er ljóshærður með blá augu, vaxinn eins og grískur guð. Ég er fjárhagslega sjálfstæður og í fastri vinnu.

HEFURÐU EINHVERN TÍMA HÖSTLAÐ ÚT Á AÐ ÞEKKJA EIÐ SMÁRA?

Nei, ég hef reynt það en það gekk ekki.

HEFURÐU SPÁÐ Í AÐ TATTUERA NAFN KÆRUSTU ÞINNAR Á UPP- HANDLEGGINN Á ÞÉR?

Nei, ég hef reyndar ekki gert það. Hún myndi held ég aldrei leyfa það.

HVORT MYNDIRÐU HALDA MEÐ LIÐI SADDAMS HUSSEIN EÐA GE- ORGE W. BUSH OG VINUM HANS Í DODGEBALL?

Ég veit það ekki. Ég held alltaf með þeim sem eru að tapa. Þá héldi ég líklega með Saddam Hussein.



EF ÞÚ SÆIR HEMMA GUNN FULLAN NIÐRI Í BÆ, MYNDIRÐU ÞÁ HRINGJA Í HÉR OG NÚ OG KJAFTA FRÁ OG FÁ SMÁ AUKAÞENING?

Nei, það myndi ég ekki gera. Frekar að ég tyllti mér hjá honum og fengi mér í glas með honum. Er það ekki draumur allra að detta í það með Hemma?

MYNDIRÐU LEYFA KONUNNI ÞÍNNI AÐ FARA EINNÍ Í SÓLAR- LANDAFERÐ TIL BENIDORM EF ÞÚ VISSIR AÐ GILLZENEGGER, BJÖRN SVEINBJÖRNSSON (HEITI GÆINN HENNAR SVÖVU) OG HERRA ÍSLAND (ÓLI GEIR) VÆRU Á LEIÐinni ÞANGAÐ LÍKA?

Ef Gillz væri ekki í hópnum þá myndi þetta ekkert plaga mig. En af því að hann er með set ég smá spurningamerki við þetta.

BÖGGARÐU ALLTAF FRÆGA Á DJAMMINU?

Nei, en ég gerði það mikið þegar ég var yngri. Skítamorall var í miklu uppáhaldi. Ég var alltaf eitthvað að ónáða þá. Ég bið þá afsökunar. Sérstaklega Einar Ágúst.

HVERNIG VÆRI AÐ BÚA TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐ- MÆLANÐU?

Hvor finnst þér myndalegri Helgi Seljan eða Logi Bergmann?



SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Fall Out Boy	Sugar, We're Going Down
2.	System of a Down	Hypnotize
3.	Dr. Mister & Mr. H...	Kokaloca
4.	Prodigy	Voodoo People (Pendulum Mix)
5.	Avenged Sevenfold	Bat Country
6.	BC Camplight	Blood And Peanutbutter
7.	The Strokes	Juice Box
8.	Ampop	My Delusions
9.	White Stripes	The Denial Twist
10.	Weezer	A Perfect Situation
11.	Vax	Your Hair Is Stupid
12.	Foo Fighters	Resolve
13.	Hair Doctor	Major Label
14.	The Darkness	One Way Ticket
15.	Korn	Twisted Transistor
16.	Deftones	Please, Please, Please
17.	Blink 182	Not Now
18.	The Subways	Rock N Roll Queen
19.	Goldie Lookin Chain	Your Missus Is A Nutter
20.	Reykjavík!	7, 9, 13



FALL OUT BOY TEKUR TOPPSÆTIÐ.



SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Darren Hayes	So Beautiful
2.	Eminem	When I'm Gone
3.	Craig David	Don't Love You No More
4.	Lifehouse	Blind
5.	Chris Brown	Run It
6.	Fall Out Boy	Sugar, We're Going Down
7.	Nickelback	Photograph
8.	Fort Minor	Believe Me
9.	311	Dont Tread On Me
10.	Beyonce Knowles	Check On it
11.	James Blunt	Goodbye My Lover
12.	Pussycat Dolls	Stick With U
13.	David Gray	Hospital Food
14.	Kelly Clarkson	Gone
15.	Bon Jovi	Have A Nice Day
16.	Daniel Powder	Free Loop
17.	Marcos Hernandez	If You Were Mine
18.	Backstreet Boys	Crawling Back To You
19.	Britney Spears	And Then We Kiss
20.	Mattafix	Big City Life



EMINEM KEMUR FERSKUR Í ANNAD SÆTIÐ.

MANSTEKKI EFTIR MÉR?

VÆRI GAMAN AÐ GANGA ANNAN HRING

„Það er mikill heiður að hafa farið í þessa göngu,“ segir Reynir Pétur Ingvarsson, göngugarpur með meiru. Árið 1985 vann Reynir Pétur sér það til frægðar að ganga hringinn í kringum landið. Nú eru rúm tuttugu ár liðin frá göngunni og horfir Reynir Pétur kátur um öxl. „Mér þykir þetta vera frekar skammur tími sem liðinn er. Það er svo mikið að gera að manni finnst þetta allt líða allt of hratt,“ segir Reynir sem búsettur er á Sólheimum í Grímsnesi. Undanfarin misseri hefur brugðið til tíðinda í lífi Reynis eftir að hann fór að glugga í Íslendingabók á netinu. Þar fann hann sinn rétta föður sem hann hefur þó aldrei hitt í lífanda lífi. Hann segist mikill áhugamaður um ættfræði. „Ekki beint þannig, en mig langar að vita um uppruna minn. Ég er búinn að ná ýmsum upplýsingum, til dæmis að faðir minn dó í Svíþjóð 1982,“ segir Reynir.



REYNIR PÉTUR GEKK HRINGINN KRINGUM LANDIÐ ÁRIÐ 1985.

Ganga Reynis um hringveginn vakti mikla athygli hér á landi, en var þetta ekki erfitt? „Nei nei, náttúrulega voru dagarnir misjafnir, stundum suddi og rigning, stundum sól og blíða. Það

Reykjavík úr verslunarferð þar sem hann fjárfesti í „stuttbrókum“.

Á tímamótum sem þessum kemur ein spurning upp í hugann.

Myndirðu fara aftur í svona göngu?

„Ég veit það ekki en það væri voða gaman.“

-SHS

GERIMAX

n j ó t t u þ e s s a ð v e r a t i l

Aukin líkamleg orka og andleg vellíðan

GERIMAX

Frábær samsetning af vítamínum, steinefnum og Ginseng.

Gerimax – styrkur, aukið þol og betri einbeiting til að takast á við verkefni dagsins

Útsölustaðir: **Apótekin, Hagkaup, Nóatún, Samkaup, Nettó og Úrval.**



HVERNIG ER AÐ VERA FRÆG(UR)?

HVER HEFUR EKKI HEYRT GAMLA GÓÐA VÆLIÐ, HVERSU ERFITT ÞAÐ SÉ AÐ VERA FRÆGUR OG AÐ ÞAÐ SÉ ENGINN FRÆGUR ÍSLANDI. VIÐ VITUM ÖLL AÐ ÞAÐ ER KJAFTÆÐI. SIRKUS REYKJAVÍK HAFÐI SAMBAND VIÐ EINN FRÆGASTA MANN ÍSLANDS, FRÆGUSTU SJÓNVARPSKONUNA, OG UNGLING SEM ER AÐ UPPLIFA FYRSTU MÁNUÐI FRÆGÐARINNAR. ÞAU HAFU ÖLL MJÖG ÓLÍKAR SÖGU AÐ SEGJA EN HAFU ALDREI NOTAÐ SPURNINGUNA „VEISTU EKKI HVER ÉG ER?“

KJA ÚR ÁSTARFLEYINU ER AÐ UPPLIFA FRÆGÐINA. HÚN VAR EKKI SÁTT VIÐ AÐ VERA KÖLLUÐ MELLAN ÚR ÁSTARFLEYINU.

BÖRNIN ELSKA BLEIKA HÁRIÐ



„Það fylgja þessari nýfengnu frægð bæði kostir og gallar. Ég hef fengið alveg fullt af leiðinlegum kommentum en svo hef ég heyrt jákvæða hluti einnig. Börnin eru voða ánægð með mig. Þau elska bleika hárið mitt. Mér finnst leiðinlegast þegar einhverjir strákar koma upp að manni og segja eitthvað ljótt. Þá langar mig að kyla þá en ég er svo góð stelpa að ég geri ekki svleiðis.“

En eflaust verð ég gleymd áður en langt um líður. Ég verð bara stelpa sem eitt sinn var í sjónvarpsþætti. Það er mjög skrítið að heyra kjaftasögur um sig. En það er oft mjög skemmtilegt að heyra að ég hafi gert hitt og þetta.

Ég gæti alveg hugsað mér að vinna við eitthvað sem tengist sviðsljósinu í framtíðinni. En þó langar mig mest til að verða flugfreyja og ferðast um heiminn.“

Ef þú ættir að gefa frægðinni einkunn, hvað myndi hún fá? Stundum er hún núll og stundum tíu.

Hvað er það besta við það að vera fræg? „Ætli það sé ekki allur frii bjórin sem ég hef fengið í tengslum við Ástarfleyið.“

En það versta? „Það var þegar blindfullur strákur öskraði á mig og vinkonu mína fyrir utan Vegamót. Hann kallaði okkur mellur úr Ástarfleyinu. Það var hræðilegt. Ég gleymi ekki svona.“



HEMMI GUNN ER EINN FRÆGASTI ÍSLENDINGURINN. HANN HEFUR VERIÐ ÞEKKTUR FRÁ ÞVÍ HANN VAR ADEINS 16 ÁRA GAMALL OG FRÆGÐARSÓL. HANS VIRÐIST ALDREI HALDA VESTUR.

HALLÆRISLEGT AÐ TROÐA SÉR FREMST Í RÖÐINA

„Ég hef aldrei litið á mig sem frægan og frægðin hefur aldrei breytt mér neitt. Ef eitt-hvað er þá hefur hún orðið mér til trafala. Maður fer stundum svolítið inn í sig. Því það er oft með fólk sem er í sviðsljósinu að það er haldið öfugri feimni eins og ég kalla það stundum. Það er að segja, slíku fólk finnst í góðu lagi að vera uppi á sviði eða í útvarpi eða sjónvarpi en þora síðan ekki í fimmbíó. Öfugt við Jón Jónsson trésmið sem fer þetta allt saman bara í rólegheitunum óáreittur.“

„Fólk hefur vitað hver ég er allt frá því ég var sextán ára gamall án þess þó að þekkingu mann nokkurn skapaðan hlut. Fyrst úr íþróttunum, handboltanum og fótboltanum. Svo fór ég að vinna við útvarp og stjórnaði þætti sem ég hét Lög unga fólksins. Það hlustaði nánast allt ungt fólk á þessa þætti. Þetta voru þannig tímar að maður hlaut að verða rosa frægur. Í útvarpinu voru Óskalög sjómanna og svo

þáttur fyrir sjúklinga, annars var litið um þætti fyrir ungu kynslóðina.“

Hvort viltu að fólk minnst þín sem Hemma íþróttamanns eða Hemma Gunn sjónvarpsmanns.

„Ég myndi helst vilja láta minnst mín sem manns sem hefur látið gott af sér leiða. Ég man eftir því þegar ég var með sjónvarpsþátt minn hér áður fyrr (Á tali með Hemma Gunn) að fólk talaði inn á símsvarann og sagði að þættirnir hafi veitt þeim birtu í lífið. Sérstaklega man ég eftir að heyra í tveimur öldruðum konum, sem börðust við krabbamein, sem tjáðu mér að það eina sem veitti þeim einhvern yl væru þættir mínir. Þá fannst mér tilganginum náð.“

Hefðirðu getað hugsað þér að vinna starf sem hefði ekki haft þessa athygli í för með sér?

„Já, auðvitað. Ef ég hefði verið handlagarni þá hefði ég eflaust gerst bóndi en því miður er ég algjör klaufi í höndunum. Hitt er svo annað

mál að ég hef fengið milljón tækifæri í lífinu sem komu bara upp í hendurnar á mér. Ég stefndi aldrei að því að fara í sjónvarp, útvarp, sumargleði eða annað. Það var bara annað fólk sem hafði trú á mér.“

En hefur ekki oft verið gaman að vera frægur? Var ekki stuð að komast alltaf fram fyrir í röðinni á skemmtistöðum þegar þú varst yngri?

„Ég hef aldrei notfært mér frægðina. Ég fór aldrei fram fyrir í röð en skemmti mér þó mikið. Ég var svona djambbolti. En ég hafði aldrei rænu á að fara fremst í röðina því mér þótti allt slíkt eitthvað svo hallærislegt. Það kom sér samt stundum illa að mikið af fólki þekkti mann og var alltaf að bjóða manni í glas. Því miður þáði ég alltof mörg,“ segir Hemmi léttur.

„Ég hef verið innan um mikið af heimsfrægu fólki. Því frægara sem fólk er, því jarðbundnara er það. Það eru litlu smákóngarnir sem eiga oft erfitt með sig. Þeir eru alltaf að rembast svo mikið við að vera frægir.“

KALLA MIG SIGRÍÐI ÞEGAR ÉG VIL FÁ AÐ VERA Í FRIÐI

„Það fylgja því kostir og gallar að vera þekktur. Ég man ekki hvaða frægi einstaklingur sagði einhvern tíma að það að vera frægur breytir manni ekki heldur leyfir manni þess í stað að vera eins og maður raunverulega er. Maður þorir frekar að sýna sinn innri mann. Ég held að þessi setning útskýri frægðina ágætlega. Ég finn til dæmis aldrei fyrir feimni. En það sem skiptir líklega mestu máli er að vera meðvitaður um að vera ekki of upptekinn af frægðinni. Ég legg persónulega mikið upp úr því að vera meðvitað um að vera ómeðvitað um þetta. Eitthvert frægt fólk er ekki nafli alheimsins. Hver og einn er nafli alheimsins í sínu lífi.“

Hvað er skemmtilegast við að vera fræg? „Mér finnst virkilega gaman þegar fólk heilsar mér og heldur að það hafi verið að heilsa vinkonu sinni. Mér finnst það bara svo ofboðslega mikið hrós og traust að einhver ruglist á mér og vinkonu. Fólk er almennilegt við mann. Og hjálpuft og gott. Það myndi ég segja að væri skemmtilegast við að vera þekkt á Íslandi. Kannski er það af því að ég hef með þáttum mínum tekið á hinum ýmsu málum og reynt að draga fram eitthvað jákvætt.“

Hefurðu einhvern tíma sagt „veistu ekki hver ég er?“ „Nei það hef ég aldrei gert. En ég hef hinsvegar staðið mig að því að kalla mig Sigríði þegar ég vil vera nafnlaus eða í friði og sleppi þá að kalla mig gælunafni mínu, Sirrí.“

HEFUR STJÓRNAD EINUM VINSÆLASTA SJÓNVARPSÞÆTTI LANDSINS UM ÁRABIL. HENNI ÞYKIR GAMAN ÞEGAR FÓLK HELDUR AÐ HÚN SÉ VINKONA ÞESS.



THE WAR AT HOME
BYRJAR Í JANÚAR Á SIRKUS



JÓNSSON & LE'MACKS • J.L.

HEIMASTYRJÖLD

Í ÞESSUM GLÆNÝJU OG SPRENGLÆGILEGU ÞÁTTUM BERJAST
HJÓNIN DAVE OG VICKY VIÐ AÐ HALDA HEIMILINU, BÖRNUNUM
OG GEDHEILSUNNI Í SKIKKANLEGU ÁSTANDI.

FYLGSTU MEÐ!



**„HÉLT? ÉG HELD AÐ MARGIR HALDI ÞAÐ ENNÞÁ. ÉG HÉLT ÉG VÆRI
BÚINN AÐ LOSA MIG VIÐ ÞETTA ALLT SAMAN EN SVO TALADI ÉG VIÐ VIN
MINN UM DAGINN SEM ER GAY OG HANN SAGÐI MÉR AÐ ÞAÐ VÆRU ÞÓ
NOKKUD MARGIR SEM ERU VISSIR UM AÐ ÉG SÉ ENNÞÁ Í SKÁPNUM.“**

BJÖRGVIN FRANZ GÍSLASON HEFUR VERIÐ HELSTA UMRÆÐUEFNI FÓLKS UN DANFARNA DAGA. ÁSTÆÐAN ER SÚ AÐ HANN HREINLEGA SLÓ Í GEGN Í ÁRAMÓTASKAUPI RÍKISSJÓN- VARPSINS. MARGIR HAF A TEKIÐ SVO DJÚPT Í ÁRINNI AÐ HANN HAFI BJARGAÐ ÁRAMÓTASKAUPINU FRÁ GLÖTUN. SIRKUS RÆDDI VIÐ HANN UM ÆSKUNA, FJÖLSKYLDUNA, EFTIRHERMURNAR OG ÞÁ STAÐREYND AÐ MARGIR HALDA AÐ HANN SÉ HOMMI.

MEÐ ALLA BRESTI SEM FÓLK MEIKAR EKKI

Ég bjóst ekki við svona góðum viðbrögðum,“ segir Björgvin Franz Gíslason sem sló hreinlega í gegn í áramótaskaupi Ríkissjónvarpsins. Þar lék hann á alls oddi og hermdi eftir fjölda þjóðþekkttra Íslendinga. „Maður heyrir yfirleitt jákvæðar raddir. Ef einhver er ósáttur og segir mér að honum hafi ekki líkað þetta eða hitt þá er í raun ekkert hægt að gera í því núna þegar skaupinu er lokið,“ segir Björgvin og hlær. „Hinsvegar finnst mér allt í lagi þegar fólk kemur og talar við mig á mál-efnalegum nótum og bendir mér á hvað hefði mátt betur fara.“

PROTLAUSAR ÆFINGAR SKILUÐU ÁRANGRI

Björgvin segist vera ánægður að sjá hvað yngri kynslóðin hefur tekið skaupinu vel. Hann segist sjálfur ekki vera hrifinn af skaupum þar sem einungis er gert grín að stjórnmálamönnum, frekar vilji hann sjá sketsa og atriði í þeim dúr. Hann er hógværðin uppmáluð þegar kemur að því að ræða eftirhermurnar sem heilluðu landann og segir þær hafa kostað þrotlausar æfingar. „Við undirbyggjum þetta rosalega vel. Selma Björns kóreógraffaði hreyfingarnar og dansana og svo kom ég með restina úr eftirhermubankanum. Svo lá maður yfir þessu. Ég var bara heima að stúdera Guðmund Steingrímsson á hverju kvöldi, ég held ég hafi nánast horft á hvern einasta þátt af Kvöldþættinum,“ segir Björgvin og hlær. „Svo voru þetta líka þælingar með Rögnu Fossberg sem sá um öll gervin, við unnum mjög vel saman.“

Hvenær byrjaðirðu að herma eftir?

„Ég byrjaði fyrst á þessu í leiklistarskólanum. Hermdi eftir bekkjarfélögum og kennurum þegar ég var á barnum. Þá fattaði ég að ég gæti hermt ágætlega eftir. Ég setti mig inn í fólkið, stúderaði taktana og það vakti lukku. Ég er ómeðvitað að beita sömu tækni og Pálmi Gestsson. Hann gerir þetta eins, setur sig inn í persónurnar. Hann er náttúrulega einn sá besti í þessu,“ segir Björgvin. Hann segir ástandið breytt frá því hann var smábarn. „Þá var maður skammaður fyrir að herma eftir fólki. Nú hefur fólk gaman af því og ég fæ meira að segja borgað fyrir það.“

LEIKARI FRÁ BLAUTU BARNSEINI

Björgvin segir að það hafi fljótlega komið í ljós að hann yrði leikari. „Ég tók nokkur tímabil í æsku. Fyrst fór ég á rokki horror-tímabil þar sem ég var eins og klæðskiptingur í korseletti og sokkabuxum. Svo var ég að búa til útvarpsþætti þar sem ég talaði inn á kasettutækið. Svo var það splatter þar sem allt var í blóði, svo voru það brúðurnar. Á unglingsárunum fór ég að gera bíómyndir með góðum félögum þannig að það má segja að ég hafi alltaf verið viðriðinn leiklist,“ segir Björgvin. „Einn félagi minn sagði mér að prófa að vinna við eitt-hvað allt annað eitt sumar. Ég hef ekki ennþá komist svo langt.“

TALINN HOMMI AF MÖRGUM

Björgvin hefur prófað margt í gegnum tíðina hvað skemmtibransann varðar.

Þú varst einhvern tíma í dragi var það ekki?

„Ég var aldrei beint í dragi. Ég var módel hjá vinkonu minni þegar hún þurfti á slíku að halda í dragföðunarkeppni. Svo kom það fyrir hér á árum áður að maður fór á barina í dragi. Ég var líka eitt-hvað að prófa að gera töfraþróð með þessu en það gekk ekkert,“ segir Björgvin, sem brá sér

einnig í hlutverk kynskiptingsins Hedwig nokkru seinna.

Hélt fólk ekki að þú værir hommi?

„Hélt? Ég held að margir haldi það enn. Ég hélt ég væri búinn að losa mig við þetta allt saman en svo talaði ég við vin minn um daginn sem er gay og hann sagði að það væru þó nokkuð margir sem eru vissir um að ég sé ennþá í skápnunum,“ segir Björgvin sem á konu og eina dóttur. Engan karl. Hann segir kynhneigð vera fullmikið mál hjá mörgum. „Mér er alveg sama hvort fólk er gagnkynhneigt eða samkynhneigt. Ég reyni til dæmis að ala mína dóttur upp við það að tvær konur og tveir karlmenn geti verið saman.“

Ertu að búa hana undir að pabbi hennar komi út úr skápnunum?

„Nei, kannski ekki alveg,“ segir Björgvin og skellihlær. „Við erum bara að kenna henni að þetta er hluti af fjölbreytileika lífsins.“

SKILNAÐUR FORELDRA ANGRAR HANN EKKERT

Björgvin Franz er sonur leikaranna Eddu Björgvinsdóttur og Gísla Rúnars Jónssonar. Hann segist hafa orðið fyrir miklum áhrifum frá foreldrum sínum. Hann viðurkennir þó að hann hafi eflaust oft verið mjög erfiður í umgengni. „Ég gekk oft helvíti langt. Ég var að rifja það upp hvað maður var stundum geðveikur. Það var til dæmis einu sinni þegar við vorum uppi í sumarbústað. Þá var ég eitthvað skotinn í stelpu í næsta bústað. Ég tók þá upp á því að láta hana að halda að ég væri systkini hennar. Ég fór út um dyrnar með græn gleraugu



SJALDAN FELLUR EPLIÐ... BJÖRGVIN Á EKKI LANGT AÐ SÆKJA EFTIRHERMUHÆFILEIKANA. HÉR ER FAÐIR HANS Í HLUTVERKI BJÖRGVINS HALLDÓRSSONAR Í ÁRAMÓTASKAUPINU ÁRÍÐ 1995.

og tróð einhverju upp í munninn á mér og kallaði: „Hey systir.“ Svo hljóp ég inn og setti á mig rauða hárkollu og fór út sem systirin. Það er búið að reyna að laga mig undanfarin ár,“ segir Björgvin og hlær. Hann segist óviss hvort það hafi tekist.

Það virðist allt yndislegt hjá Björgvini Franz og því er vert að reyna að finna einhverjar skuggahliðar í lífi þessa lífs glaða manns.

Foreldrar þínir eru skilin, er það ekki?

„Ég skal bara vera alveg hreinskilinn. Ég veit ekki hvernig staðan er á því í dag,“ segir Björgvin, jafn léttur á því og fyrr. „En þau búa ekki saman. Pabbi hefur verið mikið í Los Angeles og flíar það mjög vel. Honum líður vel í hitanum. Svo eru mamma og þau í Hafnarfirðinum. Þegar við erum öll saman er allt í góðu, það eru engir erfiðleikar. Þess vegna veit ég ekkert hvað er að gerast hjá þeim persónulega. Aðalatriðið er að þau séu glöð,“ segir Björgvin.

MEÐ ALLA BRESTI SEM FÓLK MEIKAR EKKI

Björgvin er sem fyrr segir leikarabarn. Heyrst hefur oft að börn leikara séu gjörsamlega óþolandi. Athyglissjúk og allt hvað eina.

„Já, já, ég er örugglega með alla þá bresti sem fólk meikar ekki,“ segir Björgvin og hlær. „Ég reyni eins og ég get að vera meðvitaður um það. Margir sem þola ekki fólk eins og mig hafa sagt að ég sé þó þolanlegur. Þetta á við um marga af mínum bestu vinum.“

Ertu ekkert viðkvæmur fyrir því að fólki sé illa við þig?

„Ég skal alveg viðurkenna að ég á það til að vera viðkvæmur fyrir ákveðnum hlutum. Það getur verið gott og svo aftur rosalega slæmt. Maður getur tekið svo mikið inn á sig að maður læsist bara og meikar ekki neitt. Ef ég hef á tilfinningunni að einhver fli mig ekki þá fer ég í baklás, en þannig er veruleikinn. Vinur minn sagði mér til að mynda einu sinni frá bloggi þar sem einhver var að segja að Björgvin Franz væri jafnleiðinlegasti maður sem hann hefði kynnst. Mér fannst það óþægilegt,“ segir Björgvin. „Ég vona samt að fólk haldi ekki að ég sé þroskaheftur og allt sé alltaf gott og jollí. Auðvitað eru erfiðleikar sem maður þarf að dila við. Maður getur lent í erfiðri aðstöðu, bæði í vinnunni og í persónulega lífinu,“ segir Björgvin, en blaðamaður á þó bágt með að ímynda sér hann í vondu skapi. Það væri þó fróðlegt að sjá.

BÆLIR NIÐUR VIÐBJÓÐSLEGT EÐLI

Björgvin er nú óðfluga að nálgast fertugsaldurinn. Hann hefur komið ár sinni vel fyrir borð og er búsettur ásamt eiginkonu sinni og dóttur í Hafnarfirðinum. Það er nóg að gera hjá honum og hann kvartar ekki. Um þessar mundir er hann að æfa verkið Virkjunin undir stjórn Þórhildar Þorleifsdóttur í Þjóðleikhúsinu. Auk þess er hann að talsætja teiknimyndir og hjálpa Erni Arnarsyni í þáttunum um afa. „Við Örn höfum átt frábært samstarf. Hann hefur verið mér góð fyrirmynd í leik- og skemmtibransanum,“ segir Björgvin.

Nú höfum við talað saman í dágóða stund og ég hef komist að því að þú ert jákvæðasti maður í heimi.

„Það er gaman að heyra, maður reynir alla-vega.“

Maður veltir fyrir sér hvort þú sért að fela eitt-hvað ógeðslegt eðli.

„Það er eitthvað viðbjóðslegt en við bælum það bara niður, látum engan vita af því.“

Sólmundur Hólm Sólmundarson

STÓR TIPPI ERU EKKI MÁLIÐ

STELPUTAL ER ÆDISLEGT. ÞAR ER MIKIÐ SKRAFAÐ UM HITT OG ÞETTA. SIRKUS FÉKK AÐ LIGGJA Á HLERI HJÁ NOKKRUM ELDRHRESSUM STELPUM SEM VITA SÍNU VITI.



SKÁL OG SPJÖLLUM!



KRISTA HALL, 19 ÁRA OG ER AÐ BYRJA Í LISTFRÆÐI Í HÁSKÓLA ÍSLANDS. ALIN UPP Í GRAFARVOGINUM. ER EKKI Í SAMBANDI.

Dæru voru léttar, ljúfar og kátar stelpurnar sem voru mættar í rauða sófann að þessu sinni. Stelpurnar eru: Sunna Dís Másdóttir, 22 ára nemi í ensku við Háskóla Íslands, Sólveig S. Hannam (Solla), 21 árs förðunarfræðingur, Berglind Halla Elfudóttir, 27 ára nemi í lðnskólanum í Hafnafirði og Krista Hall, 19 ára og er að byrja í listfræði í Háskóla Íslands.

ÍSLENSKIR KARLMENN Í KRÍSU

Íslenskir karlmenn, hvað annað verður fyrsta umræðuefnið? Þær hafa skiptar skoðanir um ágæti þeirra.

Solla: „Það fer eftir því hvort þeir eru edru eða ekki.“

Krista: „Mér finnst bara vanta millivegin hjá þeim, annaðhvort eru þeir alveg ótrúlega slísi eða alltof miklir ruddar. Ég hef allavega lent í því upp á síðkastið.“

Sunna: „Ég held eiginlega að íslenskir karlmenn séu í einhvers konar krísu. Ég þekki fullt af strákum sem tala ruddalega þegar þeir eru

saman, en þeir eru samt bara að tala um okkur stelpurnar eins og við tölum um stráka.“

Solla: „Við erum jafnvel grófari ef eitthvað er. Það fer reyndar eftir hvað þeir eru gamlir held ég, eins og þegar ég var yngri, þá voru strákarnir mun grófari í kjaftinum en núna.“

En hvernig karlmenn eru heitir?

Solla: „Ég er alltaf með sömu týpunni: Hærrí en ég, svolítið massaður, dökkhærður, með dökka skeggrót og stórar hendur.“

Krista: „Snyrtilega sjúkaðir gaurar eru flottir.“

Sunna: „Ég fíla ekki þessi súkkulaðigaura.“

Krista: „Já súkkulaðigaurar eru alveg off.“

Solla: „Ef gaurinn eyðir meiri tíma fyrir framan spegilinn en ég er hann ekki að gera sig.“

Hvernig eiga gaurar að reyna við stelpur, fyrst þeir eru annaðhvort svona miklir ruddar eða of væmnir?

Begga: „Mér finnst tildæmis pikkupplínur alveg ómurlegar, eru þær ekki bara djók.“

Sunna: „Það er ekki eitthvað eitt sem kveikir í stelpum, það fer auðvitað eftir stelpunni. Einlægni er samt eitthvað sem alltaf virkar.“

Solla: „Allir þeir gaurar sem ég hef kynnst á djamminu eru bara hálfvitar. Það er miklu betra að kynnst strákum í gegnum vini eða í vinnunni, ekki á fyllerfi.“

TÓK MIG MJÖG LANGAN TÍMA AÐ FATTA HVAD FULLNÆGING VÆRI

Begga: „Það er alveg deitmenning á Íslandi, ef einhver strákur er skotinn í mér býður hann mér á deit.“

Krista: „En þú býður stelpu ekki á deit í bíó, það er ekkert deit að fara í bíó.“

Solla: „Það er eins og að segja, ég vil ekki tala við þig.“

Krista: „Og þetta með að bjóða heim í vídeó. Hvað vill gaurinn gera? Kúra og svo eftir myndina, hvað þá, ríða?“

Sunna: „Mér finnst sniðugt að vera boðin út að borða eða í kaffi.“

Stelpurnar fara að ræða um klámmenn-inguna sem er að tröllríða öllu, þær eru ekki þar sáttar við viðhorf ungra til kynlífs í dag.

Begga: „Ungir karlmenn hafa brenglaðar hugmyndir um kynlíf. Konur eru ekkert alltaf

að fíla að láta karlmenn fá það yfir andlitið á sér.“

Solla: „Það er svo sorglegt að ungar stelpur halda að kynlíf sé svona, að þær eigi bara að feika það.“

Hvað voruð þið gamlar þegar þið fenguð fyrstu fullnæginguna?

Krista: „Það tók mig mjög langan tíma að fatta hvað fullnæging væri.“

Begga: „Ég var tvítug þegar ég fékk mína fyrstu fullnægingu.“

Sunna: „Já, ég var að tala um þetta við mömmu og hún sagði að þær vinkonurnar hafi rætt þetta sín á milli og þær meiri segja ein sem hefur aldrei fengið fullnægingu, og flestar fengu það í fyrsta sinn um þrítugt.“

Begga: „Stelpur verða bara að þora að biðja um það sem þær vilja annars fá þær ekkert. Ég var einu sinni með strák og ég fékk aldrei fullnægingu. Ég var ofsalega skotin í honum og mér fannst alveg gaman en ég var bara jájá, þetta kemur bara með tímanum. Hann hefur ekki hugmynd um það í dag að ég fékk aldrei fullnægingu með honum, svo er bara erfitt að segja við gaurinn eftir einhvern



„EF GAURINN EYÐIR MEIRI TÍMA FYRIR FRAMAN SPEGILINN ER HANN EKKI AÐ GERA SIG.“

SKRAFAÐ SAMAN.



**BERGLIND HALLA ELFUÐÓTTIR, 27 ÁRA NEMI Í ÆN-
SKÓLANUM Í HAFNAFIRÐI. ALIN UPP MESTMEGNIS
Í MIÐBÆNUM. ER EKKI Í SAMBANDI.**

**SÓLVEIG S. HANNAM, 21 ÁRA
FÖRÐUNARFRÆÐINGUR. ALIN
UPP Í KÓPAVOGI OG BÚSTAÐ-
ARHVERFINU. ER BÚIN AÐ
VERA Í SAMBANDI Í TVÖ ÁR.**

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR, 22 ÁRA NEMI Í ENSKU
VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS. ÓLST AÐ MESTU UPP Í
SVÍÐJÓÐ. ER BÚIN AÐ VERA Á FÖSTU Í TVÖ ÁR.**

tíma: „Heyrðu elskan ég hef aldrei fengið full-
nægingu, værirðu til í að gera þetta svona?““

Krista: „Ég hef líka lent í þessari gryfju.
Maður getur ekki sagt „hey, þú gætir alveg
eins verið að nudda á mér olnbogann.““

Sunna: „Finnst ykkur samt ekki strákar
meira fókuseraðir á fullnægingu kvenna í dag?
Það er eins og þeir séu búnir að stúdera ein-
hverja tæknibók um hvernig eigi að beita sér í
rúminu.“

SÆÐI ER EKKERT MÁL

Umræðan þróaðist út í sæði karlmannna.
Solla: „Ég er með eina kenningu um sæði.
Að halinn á sæðisfrumunni sé lengri en áður
var talið því að þetta festist í hári og það hlýt-
ur að vera einhver ástæða fyrir því.“

Sunna: „Þú veist að halinn er bara milljón
sinnum minni en hár.“

Begga: „Æi, ég veit ekki, sæði eru bara lík-
amsvessar, er þetta eitthvað mál? Okei „strák-
ar eru eitthvað stressaðir yfir sæðinu sínu og
stelpur yfir einhverju öðru.“

Solla: „Ef strákar borða mikið kjöt eða
prótein, þá þykkir það sæðið.“

Begga: „Mataræðið hefur rosalega mikil
áhrif á bragðið.“

Krista: „Ég ætla bara að vona að stelpur
séu ekki að kyngja hverju sem er.
Hinar dómurnar eru sammála Kristu.“

Begga: „Þetta er svona klámmyndadæmi,
úh, kyngirðu?“

MAÐUR HEFUR LENT Á OF STÓRU TIPPI

Tala stelpur mikið um stráka og kynlíf?

Begga: „Já mikið, en stelpur eru kannski
ekki að missa sig yfir því að segja kynlífsögur
af sjálfum sér“

Krista: „Ekki nema að þú hafir sofið hjá
einhverjum gaur sem var með rosalega stórt
tippi, þá segir maður kannski: Æi, hann var
með alltof stórt tippi.“

Begga: „Svo eru stelpur bara líka misstór-
ar.“

Solla: „Já, en of stór tippi eru ekki málið.“
Stelpurnar eru sammála

Solla: „En maður hefur lent á stóru tippi.
Það er bara óþægilegt.“

Krista: „Já, svo er maður bara stressaður
yfir því að meidda sig.“

Begga: „Svo labbar maður eins og mör-
gæs.“

Stelpurnar skellihlæja.

Solla: „Svo eru það þessi vandræðalegu
litlu tippi. En maður hleypur ekkert í burtu út
af því.“

Begga: „Þú þarft bara að vinna vel með
það sem þú hefur. Ég hef sofið hjá strák með
lítið tippi sem kunnir mjög vel til verka.“

Krista: „Reyndar las ég að hjá konum sé
þetta vöðvi sem herpist saman meira eftir því
sem þú sefur meira hjá. Þá er það algjörlega
gegn þeirri hugmynd að þú vikkir eftir því sem
þú sefur meira hjá.“

Sunna: „Já, allar stelpur æfa grindarbotns-
vöðvana.“

Stundið þið sjálfsfróun?

Begga: „Ef stelpur gera það ekki nú þegar
ættu þær að byrja á því.“

Solla: „Bara byrja sem fyrst, endilega kíkið
þið í Erotica Shop, þar er æðislegt starfsfólk.“
Stelpurnar hlæja og eru sammála

SAMKYNHNEIGÐIR EIGA AÐ FÁ AÐ ÆTTLEIÐA

En snúum okkur aðeins frá kynlífsumræð-

*unni og yfir í eitthvað annað eins og giftingu
samkynhneigðra*

Stelpurnar eru allar sammála um að sjálf-
sagt sé að leyfa samkynhneigðu fólki að gifta
sig

Sunna: „Ég verð samt að segja; að sjálf-
sögðu á að gera allt fyrir samkynhneigða eins
og aðra. En af hverju eru þeir að sækja svona
fast í að giftast kirkju? Ef ég væri samkyn-
hneigð myndi ég vera brjáluð út í kirkjuna.“

Krista: „Já, algjörlega sammála.“

Begga: „Miðað við fjölskyldumynstur Ís-
lendinga þar sem fólk á hálf systkyni og
stjúpfóreltra hingað og þangað skil ég ekki
af hverju það er svo mikið mál að leyfa sam-
kynhneigðum að ættleiða. Fólk sem vill ætt-
leiða börn þarf virkilega að berjast fyrir því
að fá að eignast börn. Ég trúir því að sam-
kynhneigðir séu alveg jafn góðir foreldrar
og hver annar.“

Látum þetta verða lokaorðin á þessu
skemmtilega spjalli. Við kveðjum stelpurnar
í sófanum og þökkum þeim kærlega fyrir að
leyfa okkur að hlusta á almennilegt stelpu-
tal.



ÞRÆLKÁTAR STÓLKUR.



GLEÐIN SKEIN ÚR AUGUM STÓLKANNA ÞEGAR ÞÆR MÆTTU Í RAUDA SÓFAN.

„ÞAÐ MÁ EKKI RÍÐA NÉ RÚNKA SÉR Í SEX VIKUR EN ÉG ER LÖNGU BÚINN AÐ SVÍKJA ÞAÐ. ÉG FÓR Í AÐGERÐINA 15. DESEMBER OG HÉLT ÞETTA EKKI ÚT. ÞAÐ KOM SMÁ BLÓÐ ÚT ÚR SAUMUNUM Í FYRSTU TVÖ SKIPTIN.“



TIPPI FYRIR OG EFTIR AÐGERÐ.

NÝJASTA ÆÐI UNGRA KARLMANNA ER AÐ LÁTA UMSKERA SIG. Í BANDA-RÍKJUNUM TÍÐKAST UMSKURÐUR VIÐ FÆÐINGU OG EINNIG MEÐAL GYÐINGA OG MÚSLIMA AF TRÚARÁ-STÆÐUM. AÐUNN AUÐUNSSON, 24 ÁRA GAMALL KÓPAVOGSBÚI, ER EINN FJÖLMARGRA HÉR Á LANDI SEM HEFUR LÁTIÐ FRAMKVÆMA UMSKURÐSAÐGERÐ. HANN SEGIR ÞETTA VISSULEGA BILUN EN ÞRIFA-LEGT OG FALLEGT.

STELPUR FÍLA UMSKORIN TIPPI

Þetta var algjörlega mín ákvörðun, segir Auðunn Auðunsson aðspurður hvers vegna hann lét umskera á sér tippid. „Þetta byrjaði sem grín en ég lét svo verða af því. Mér finnst kvikindið mun flottara svona. Þá er þetta einnig hreinlegra.“

En svona í alvöru talað, af hverju gerðirðu þetta?

„Margar stelpur segja að þær fíli umskorið tippi betur. En ég er fyrst og fremst að gera þetta tilbreytingarinnar vegna. Ábyggilega 99 prósent íslenskra karlmannna eru með forhúð þannig að þetta er öðruvísi fyrir þær. Konur eru jafn sjúkar í tilbreytingu og við karlar.“

TÓLF ÞÚSUND KALL FYRIR UMSKURÐ

Er mikið vesen að fara í svona aðgerð?

„Nei, það er ekkert mál. Þú pantar bara tíma hjá þvagfæraskurðlækni. Svo kostar þetta ekki rassgat, bara tólf þúsund kall. Fyrst ferðu í viðtal sem kostar fjögur þúsund. Og aðgerðin sjálf kostar átta þúsund. Þetta var alls ekki vont, ég var staðdeyður,“ segir Auðunn borubrattur.

Er maður lengi frá eftir svona aðgerð? „Nei, ég fór í vinnu strax daginn eftir. Það má ekki ríða né rúnka sér í sex vikur en ég er löngu búinn að svíkja það. Ég fór í aðgerðina 15. desember og hélt þetta ekki út. Það kom smá blóð út úr saumunum í fyrstu tvö skiptin. En svo var það í lagi. Ég þekki marga sem hafa farið í samskonar aðgerð. Og það eru fleiri á leiðinni. Ég mæli hiklaust með þessu.“

Aðspurður hvort limurinn væri næmari eftir umskurð sagði Auðunn: „Það fer eftir því hvernig þú lítur á það. Húðin á kóngnum verður þykkari eftir umskurð. En það vegur upp á móti að hliðarnar á kóngnum verða mun næmari.“

ENGIN TÍSKUBÓLA

Guðmundur Hnikar, þvagfæraskurðlæknir í Domus Medica við Eiríksgötu, segir þetta ekki tískufyrirbæri en öðru hverju komi inn ungir menn sem vilja láta umskera á sér liminn. „Það er algengast að slíkar aðgerðir séu gerðar af trúarástæðum en hins vegar kemur fyrir að ungir menn vilja láta gera þetta. Ég held ekki að umskurður karla sé tískubóla og það er ekki hægt að fullyrða neitt um hvort umskurður geri kynlífið betra eða verra.“

Hjörvar Hafliðason

AUÐUNN AUÐUNSSON MEÐ HNÍFINN Á LOFTI. HANN SKORAR Á FLEIRI AÐ SKELLA SÉR UNDIR HNÍFINN OG LÁTA FJARÆGJA Á SÉR FORHÚÐINA.

KLÁMKÓNGUR BANDARÍKJANNA!
RON JEREMY ER UMSKORINN EINS
OG MEGINPORRI KANA.




Þú færð allar námsbækurnar hjá Office 1

Ódýrustu námsbækurnar

**Opið alla
helgina!**

Notaðar og nýjar!



Þú getur lánað bækurnar án fyrirvara um að varan sé uppseld.

Verð getur lækkað án fyrirvara

LANG, LANG, LANG, STÆRSTI

SKIPTIBÓKAMARKAÐUR LANDSINS SKEIFUNNI 17

Office 1 Superstore



HVERNIG TÝPA Á HEIMA HÉR?

SIRKUS RVK HELDUR ÁFRAM AÐ KÍKJA HEIM TIL FÓLKS OG FÁ ÁLITSGJAFNA TIL AÐ GÍSKA Á HVERNIG TÝPA Á HEIMA ÞAR. Í ÞETTA SINN LITUM VIÐ INN TIL HERMANNSS FANNARS VALGARÐSSONAR, ÚTVARPSMANNSS Á X-INU 97,7, OG EFTIR ÞAÐ FENGUM VIÐ ARNÞRÚÐI DÖGG, ATHAFNAKONU MEÐ MEIRU, TIL AÐ REYNA AÐ GÍSKA HVERS KONAR TÝPA BYR Í ÍBÚÐINI.



ÞETTA SAGÐI ARNÞRÚÐUR DÖGG



„Ég er nýfluttur inn í þessa íbúð,“ segir Hermann Fannar Valgarðsson, útvarpsmaður á X-inu 97,7. „Ég og konan mín keyptum íbúðina fyrir slysi eiginlega. Ætluðum ekkert að fara að kaupa en síðan sáum við íbúðina, buðum í hana og áður en ég vissi af vorum við bara flutt inn. Við höfum búið hér í 3 mánuði núna.“

En eru þau búin að gera mikið fyrir íbúðina? „Við erum ennþá á fullu að vinna í henni. Alveg búin að mála og gera margt fint. Þetta er svona 10 ára mission mundi ég segja og þá meina ég að hún verður tilbúin eftir svona tíu ár,“ segir Hemmi og hlær dátt.

Þegar Sirkus Rvk spyr út í hvernig týpa honum finnst hann vera vefst honum tunga um tönn. „Þetta er erfið spurning. Ég er hófsamur maður. Kaupi frekar ódýra hluti en vil hafa þá smekklega,“ segir Hemmi. „Er með áratthu að vilja hafa hlutina eftir mínu höfði. Ég mundi líka segja að ég væri stelpa í partiinu, er alltaf að ganga frá tómun bjórdósum, skipta um öskubakka og sjá til þess að allt sé í góðu lagi þegar parti eru haldin.“

SIRKUS RVK KÍKIR Í HEIMSÓKN



ELDHÚSIÐ

Eldhúsið er búið dýrindis græjum, þarna er hressandi espresso fyrir gestina, en hvernig væri að skella einhverju sexi á veggina og gardínur í glugga svo þetta sé ekki svona kuldalegt? Eldhús eiga alls ekki að vera köld. Munið að ástríður og matur dansa saman!



SJÓNVARPSHERBERGIÐ

Er frekar einfalt og boring en hann má eiga það að hann er með voða smart sjónvarp sem hefur örugglega kostað skildinginn. Strákurinn lumar þarna á flottri Playstation tölvu og ég vona heitt að hann stundi Singstar af kappi til að færa gleði í stofuna. Myndin á veggnum gerir mikið fyrir stofuna.



STOFAN

Hér þarf alvarlega að slökkva loftljósið og splæsa í huggulegt ljós, það myndi bæta stemninguna. Ég fæ gæsa húð. Eigum við ekki að kaupa málningu og mála þetta?

LOKANIDURSTAÐA

Þarna býr hress strákur, trúlega um 20-25 ára! Væntanlega fyrsta íbúð. Örugglega single. Honum er svona nett sama, þetta er allt frekar ópersónulegt. Hann tekur vinnuna fram yfir heimilið. Kannski blanda af FM og Trefli, frekar svona lost eða ekki búinn að móta sinn stíl sökum ungs aldurs. En ég hef trú á honum. Hann er að gera góða hluti í lífinu. Mætti gera miklu meira kósi - fá sér teppi, gardínur, fullt af kertum og BLINGA þetta allverulega upp hjá sér ef hann ætlar ganga út. Annars verður fólk bara að passa að hafa huggulegt hjá sér, fjandinn hafi það. Home is where the heart is, er það ekki??



GYM80 VIRKAR

Lang ódýrustu kortin!

Bullandi tilboð á kortum fyrir stelpur í Janúar - 2 fyrir 1, besta verðið fyrir verður nú helmingi betra, ekki láta þetta tækifæri fram hjá þér fara.

Í Gym80 eru ný tæki og frábær aðstaða og þar starfa yfir 10 þrautþjálfaðir einkaþjálfarar þannig að allir ættu að geta komið sér í gott form.

Í Gym80 er einnig mikið úrval af fæðubótarefnum á frábæru verði.

Kíktu inn á heimasíðuna okkar www.gym80.is eða hafðu samband við okkur og fáðu nánari upplýsingar um bestu tilboðin í bænum.

Opnunartími:

Mán-fim 06:00-22:00

Föstudagur 06:00-21:00

Laugardagur 09:00-17:00


Sunnudagur 12:00-17:00

GYM - 80, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík,
Sími 588-8383, e-mail: gym@gym80.is

53 ÞOKKAFULLAR



ALMA GUÐMUNDSDÓTTIR, söngkona í Nylon.



ANNA LILJA JOHANSEN



ANNA RAKEL RÓBERTSDÓTTIR, fyrirsæta.



ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR, verslunarstjóri Centrum.



BERGLIND ÓLAFSDÓTTIR, lcy.



ELÍN HANSDÓTTIR, myndlistarkona.



ELÍSABET THORLACIUS, fyrirsæta.



KATRÍN ELLA JÓNSDÓTTIR, nemi.



EMBLA GRÉTARSDÓTTIR, knattspyrnukona.



ELÍN JAKOBSDÓTTIR, fyrirsæta.



HILDUR VALA EINARSDÓTTIR, söngkona.



ÍRIS BJÖRK ÁRNADÓTTIR, fegurðardrottning.



ELVA BJÖRK BARKARDÓTTIR, lögfræðinemi.




KOLBRÚN MARÍA INGADÓTTIR, fegurðardrottning.



KRISTÍN NINJA GUÐMUNDSDÓTTIR, lögfræðinemi



INGA LIND KARLSDÓTTIR, fréttakona.



KLARA ÓSK ELÍASDÓTTIR, söngkona í Nylon.



RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR, þáttastjórnandi



SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR, fyrrum sjónvarpskona.



SIGRÚN BENDER, flugnemi og ungrú Reykjavík 2004



SÓLVEIG KÁRADÓTTIR, fyrirsæta.



SIGRÍÐUR HRÖNN GUÐMUNDSDÓTTIR.



SÓLEY KRISTJÁNSDÓTTIR, plötusnúður og nemi.



STEINUNN ÞÓRA KAMILLA SIGURÐARDÓTTIR, söngkona

UNDIR ÞRÍTUGU

SIRKUS HEFUR SETT AF STAÐ KOSNINGU UM KYNÞOKKAFYLLSTU KONU LANDSINS – UNDIR ÞRÍTUGU. SÉRLEGIR RÁÐGJAFAR SIRKUSS HAFA TILNEFNT RÚMLEGA FIMMTÍU STÚLKUR SEM BERJAST UM TITILINN KYNÞOKKAFYLLSTA KONA LANDSINS. KOSNING FER FRAM Á WWW.VISIR.IS OG GETA LESENDUR GREITT ÞEIRRI STÚLKU SEM ÞEIM ÞYKIR KYNÞOKKAFYLLST SITT ATKVÆÐI.



MARGITTA HAUKDAL, söngkona.



BRYNDÍS JAKOBSDÓTTIR, söngkona.



BIRTA BJÖRNSDÓTTIR, fyrirsæta og fatahönnuður.



CHLOE OPHELÍA GORBULEW, fyrirsæta.



EDDA PÉTURSDÓTTIR, fyrirsæta.



EMILIANA TORRINI, söngkona.



ESTHER THALÍA CASEY, leik- og söngkona.



HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR, leikkona.



EMILÍA BJÖRG ÓSKARSDÓTTIR, söngkona í Nylon.



GRÉTA MAR GUÐBRANDSDÓTTIR, úr Ástarfleyinu.



HEIÐRÚN LIND MARTEINSDÓTTIR, lögfræðinemi.



HEIÐVEIG ÞRÁINSDÓTTIR, fyrirsæta.



HELGA LIND BJÖRGVINSDÓTTIR, fyrirsæta.



RÚNARSDÓTTIR, trúbador.



MARIKO MARGRÉT RAGNARSDÓTTIR.



ORNELLA THELMUÐÓTTIR, starfsmaður á Devitos.



RAGNHEIÐUR GUÐNADÓTTIR, þáttastjórnandi



RAGNHEIÐUR THEODÓRSDÓTTIR, fyrirsæta.



LAUFEY KARÍTAS EINARSDÓTTIR



MARÍN MANDA MAGNÚSDÓTTIR.



PATTRA SRIYANONGE, leikkona úr Strákunum okkar.



RAGNHEIÐUR THEODÓRSDÓTTIR, fyrirsæta.



UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR, Ungfrú heimur.



ÞÓRDÍS ANNA ODDSDÓTTIR, verkfræðinemi og fyrirsæta.



VÉDÍS HERVÖR ÁRNADÓTTIR, tónlistarkona.



VALA BJÖRGVINSDÓTTIR, söngkona.



THELMA ÞORMARSDÓTTIR, fyrirsæta.



TINNA ALAVIS, fyrirsæta.



TINNA BERGSDÓTTIR, fyrirsæta.





HEIÐAR



ELLEN

HEIÐAR AUSTMANN VS. ELLEN

TVEIR PLÖTUSNÚÐAR, FIMMTÁN SPURNINGAR, EINN TITILL. ÞAÐ ER KOMIÐ AÐ ÞVÍ. HVER ER GÁF-
AÐASTI PLÖTUSNÚÐUR ÍSLANDS? ÞAÐ ERU HEIÐAR AUSTMANN OG ELLEN LOFTSDÓTTIR SEM
KEPPA UM TITILINN GÁFAÐASTA PLÖTUSNÚÐ LANDSINS. MEGI BESTI PLÖTUSNÚÐURINN SIGRA.



1. HVADA DANSKA MÓDEL KOM MEÐ LAGIÐ SATURDAY NIGHT FYRIR NOKKRUM ÁRUM?

Heiðar: Whigfield.

Ellen: Jesús, er það ekki Whigfield?



2. HVERNIG DÓ JIMI HENDRIX?

Heiðar: Kafnaði hann ekki á sinni eigin ælu eða einhvern djöfulinn??

Ellen: Druknaði í sinni eigin ælu á einhverju hóteli.




3. HVADA BANDARÍSKI RAPPARI FÆDDIST Í KANSAS CITY ÞANN 17. OKTÓBER 1972?

A. Eminem. B. Ice Cube C. LL Cool J.

Heiðar: Eminem.

Ellen: Eminem.



4. HVAD HÉT TITILLAGIÐ Í TITANIC MYNDINI OG HVER SÖNG ÞAÐ?

Heiðar: My Heart Will Go On með Celine Dion.

Ellen: Celine Dion söng það og lagið heitir My Heart Will Go On.



5. HVADA RAPPGRÚPPA FRÁ LOS ANGELES GAF ÚT PLÖTUNA LABCABIN CALIFORNIA ÁRIÐ 1995?

Heiðar: Pharcyde.


Ellen: Pharcyde.



6. HVER SÖNG LAGIÐ ÞORPARINN?

Heiðar: Pálmi Gunnarsson.

Ellen: Pálmi Gunnarsson.



7. HVADA SÖNGVARI SÖNG UM VINKONU SÍNA BETTY SEM VAR HERÓÍNSJÚKLINGUR Í LAGINU RIVER MAN?

Heiðar: Nick Drake.

Ellen: Ég á að vita þetta. Ég er ekki alveg viss þannig að ég verð að segja þess.

8. HVER GAF ÚT LÖGIN LEAN ON ME OG AINT NO SUNSHINE?

Heiðar: Bill Withers.

Ellen: Bill Withers.

9. HVADA HEITA MENNIRNIR Í OUTKAST?

Heiðar: Big Boi og André 3000.

Ellen: André 3000 og Big Boi.

10. HVADA SÖNGKONA SÖNG LAGIÐ YOU'RE SO VAIN?

Heiðar: Carly Simon.

Ellen: Carly Simon.

11. Í HVADA HLJÓMSVEIT VAR STING ÁÐUR EN HANN STOFNAÐI SINN EIGIN SÓLÓFERIL?

Heiðar: Police.

Ellen: Police.

12. HVADA BANDARÍSKA HLJÓMSVEIT GAF ÚT PLÖTURNAR DOOLITTLE OG SURFER ROSA?

Heiðar: Pixies.

Ellen: Pixies.

13. Í HVADA LAGI ER ÞESSI TEXTI: GROUND CONTROL TO MAJOR TOM. TAKE YOUR PROTEIN PILLS AND PUT YOUR HELMET ON?

Heiðar: Space Oddity.

Ellen: Space Oddity.

14. HVAD HEITIR SÖNGVARINN Í JAMIROQUAI?

Heiðar: Jason Kay.

Ellen: Hann er kallaður JK en heitir Jason Kay.

15. Í HVADA HLJÓMSVEIT VAR MICHAEL HUTCHENCE ÁÐUR EN HANN FRAMDI SJÁLFSMORÐ?

Heiðar: INXS

Ellen: INXS

Eftir langa og blóðuga baráttu stendur Heiðar Austmann uppi sem sigurvegari og hlýtur titilinn gáfaðasti plötusnúður Íslands. Ellen stóð sig andskoti vel og var með 14 rétt svör á meðan Heiðar var með öll 15 svörin rétt.



SVÖR:

1. Whigfield 2. Kafnaði á sinni eigin ælu 3. Eminem 4. My heart will go on með Celine Dion 5. The Pharcyde 6. Pálmi Gunnarsson 7. Nick Drake 8. Bill Withers 9. André Benja- min (Dre) og Antwan Patton (Big Boi) 10. Carly Simon 11. Police 12. Pixies 13. Space Oddity 14. Jason Kay 15. INXS

HEIÐAR AUSTMANN GÁFAÐASTI PLÖTUSNÚÐUR LANDSINS

„Þetta er stór og merkur áfangi mundi ég segja,“ segir Heiðar Austmann, plötusnúður og dagskrágerðarmaður á FM 957 þegar Sirkus Rvk. færði honum þau tíðindi að hann hafi unnið plötusnúðakeppnina sem er búin að vera í gangi undanfarnar vikur í blaðinu. „Þetta voru verðugir andstæðingar og ég vissi ekki sjálfur að ég mundi ná svona langt. Þetta sýnir það að maður verður að fylgjast með fleiri enn bara einni tónlistarstefnu,“ segir Heiðar.

En hvað er síðan framundan?

„Að halda sig við áramótaheitin og

byrja að æfa af kappi. Ég er búinn að kaupa mér líkamsræktarkort. Síðan er ég líka að æfa fótbolta með vinunum og það er bikarmót í mars. Þetta verður spennandi að sjá.“

Heiðar þekkir greinilega sína tónlist og spilar aðra hverja helgi á Sólon á móti Brynjari Má félagi sínum á FM. „Þetta er frábært. Ég ætla að breyta nafninu mínu á msninu mínu núna,“ bætir Heiðar við illa sáttur. Sirkus Rvk. óskar Heiðari innilega til hamingju með titillinn og vonar að hann komi að einhverju gagni í framtíðinni.

-ÓHÓ

18



Blómvöndur fengin frá Hliðablómum

REUNION
BYRJAR Í JANÚAR Á SIRKUS



JÓNSSON & LE'WACKS • J.L.I.S

MORÐ Í VINAHÓPNUM

SEX SKÓLAFÉLAGAR KOMA SAMAN Á 20 ÁRA ÚTSKRIFTARAFMÆLINU. EN ÞEGAR EINN ÞEIRRA ER MYRTUR ÞARF AÐ RANNSAKA DULARFULLA FORTÍÐ ÞEIRRA, 20 ÁR AFTUR Í TÍMANN.

FYLGSTU MEÐ!



★ NIÐURSTÖÐURNAR ÚR FJÖLMÍÐLAKÖNNUN GALLUP LIGGJA FYRIR: ★

FRÁBÆR ÁRANGUR

ÍSLENDINGAR HAFA TEKIÐ
OKKUR OPNUM ÖRMUM

3 blöð
í einu

hér&nú

Á LEIÐINNI FRAM ÚR

SÉÐ OG HEYRT

20%

23%

SÉÐ OG HEYRT

hér&nú

Á ótrúlega stuttum tíma hefur Hér&Nú náð svipaðri útbreiðslu og Séð og heyrt*
þetta er einfaldlega frábær árangur og sýnir að viðtökur íslensku þjóðarinnar
hafa verið framar björtustu vonum. Nú þarf enginn að efast um að auglýsing í
Hér&Nú er markviss og góð fjárfesting. Við þökkum frábærar móttökur!

hér&nú

SÍMI 550 5833

FATAHÖNNUÐIR FRAMTÍÐARINNAR



„Það munu koma um þrjátíu manns til landsins til þess að sjá útskriftasýningu fatahönnunarbrautar Lhí og fleiri munu bætast við,“ segir Linda Björg Árnadóttir fatahönnuður og fagstjóri fatahönnunardeildar Lhí. „Þetta er þriðja brautskráning þessara deildar.“ *En hvað einkennir þeirra hönnun?*

„Hlutverk ungra hönnuða er að búa til eitthvað nýtt og tilraunakennt. Við getum ekki farið að gera klassiska hönnun þar sem við Íslendingar erum það ný á markaðnum. Við þurfum að búa til okkar sérstæðu. Það sem kanski einkennir Íslenska hönnun er formið og grafíkin, þessi hópur sem er að útskrifast er mjög góður enda verður mikið gert úr útskriftarsýningunni þetta árið.“ *Hverjir eru það sem munu mæta, einhver fræg nöfn?* „Victor&Rolf munu allaveganna koma sem prófdómarar svo er bara verið að bætast á listann,“ segir Linda sem var hæstánægð með nemendum sína.

FRAMHALD Á NÆSTU OPNU



KJÓLL: BJÖRG GUÐMUNSDÓTTIR

NÝTT OG

TILRA



JAKKI: HELGA LILJA MAGNÚSDÓTTIR. KJÓLL: GUÐJÓN TRYGGVASSON



KJÓLL: ELMA BACHMANN. SLÁ: EDDA ÍVARSDÓTTIR





UNAKENNT

KJÓLL: GUÐJÓN TRYGGVASSON. SLÁ: ÞÓREY HANNESSDÓTTIR

BUXUR OG PEYSA: GUÐJÓN TRYGGVASSON. BOLUR: RANNVEIG KRISTJÁNSDÓTTIR.

SÍRKUSMYND VALLI



KJÓLL: HILDUR YEOMAN



TÝPISKUR OG FLOTTUR CHANEL



FLOTTUR MEÐ HVÍTU MUNSTRI



PÖNKAB EN ELEGANT



MINNIR Á



SUNBOLIR SEM MUNU BLÍFA



NN STJÓRN-ANDI FYRIR CHANEL ÁRIÐ



VENJULEGA ÖÐRUVÍSI



SILFURLITADUR LAGERFELD

Hinn frægi hönnuður Karl Otto Lagerfeld hefur hannað fyrir Chanel-tískuhúsið í fjölda ára. Hann er fæddur í Hamborg 1938. Fjórtnán ára flutti hann til Parísar með fjölskyldu sinni og þegar hann var aðeins sextán ára vann hann sín fyrstu hönnunarverðlaun. Í kjölfarið fékk hann stöðu hjá fatahönnuðinum Pierre Balmain og þar með var ferill þessa snilldarhönnuðar kominn af stað. Á sjötta áratugnum hannaði Kalli fyrir ýmis fræg merki eins og Chloe, Fendi og Krizia. Hann var ráðinn listrænn stjórnandi hjá Chanel árið 1983 og náði að endurlífga fyrirtækið eins og frægt er orðið. Lagerfeld hefur séð um búningahönnun fyrir margar bíómyndir, til dæmis My First Love (1978), Babette's Feast (1987), og Catwalk (1995). Lagerfeld hannar einnig undir sínu eigin KL-merki. Hann er einnig mjög hæfur ljósmyndari og hefur haldið fjölda sýninga í Evrópu og New York. Svo talar hann líka reiprennandi þýsku, frönsku, ensku og ítölsku. Þess má geta að Karl vann til Bambi-verðlaunanna sem voru veitt í 57. sinn þann 1. desember síðastliðinn en verðlaunin eru mikilsvirt í Þýskalandi.



KLASSÍSKUR CHANEL JAKKI




PERLUFESTIN ENNÞÁ RÍKJANDI Í VOR OG SUMARLINUNNI



ELDRI HÖNNUN KARL LAGERFELDS FYRIR CHANEL BLEIKA DRAGTIN ER FRÁ ÁRINU 1990. SAMFESTINGURINN ER FRÁ ÁRINU 1992



MY NAME IS EARL
BYRJAR Í JANÚAR Á SIRKUS



JÓNSSON & LE MACKS • JI.is

TRÚIR ÞÚ Á KARMA?

EARL ÆTLAR SÉR AÐ BÆTA UPP FYRIR ÖLL ÞESSI ÁR SEM HANN HEFUR EYTT SEM ALGER SKÍTHÆLL. EINN VINSÆLASTI GAMANPÁTTURINN Í USA.

FYLGSTU MEÐ!



NÝ ANDLIT Á SIRKUS 2006



ÁRIÐ 2006 BYRJAR AF KRAFTI Á SIRKUS. VIÐ KYNNUM 20 NÝJA ÞÆTTI, EN Á MEÐAL ÞEIRRA ERU VINSÆLUSTU ÞÆTTIR HEIMSINS Í DAG. INNLENDI DAGSKRÁRGERÐIN ER SVO Í HÖNDUM FERSKASTA HÆFILEIKAFÓLKSINS Á LANDINU.

FYLGSTU MEÐ!



SIRKUS

„ÉG VAR MEÐ ÞRETTÁN. HANN VILDI EKKI TAKA TIL GREINA
AÐ ÉG ER RAUÐHÆRÐUR, SEM ER FÖTLUN Á HÁU STIGI.“

HALLI ÞÓR GÓÐUR AÐ
SYNGJA OG SYNDA.

HALTRANDI KONUNGUR HANDBOLTAROKKSINS

HARALDUR ÞÓR HARALDSSON ER MIKIL PERSÓNULEIKI OG HEILLAR FÓLK HVERT SEM HANN FER. HANN ER EKKI
SÁ FRÆGASTI Á LANDINU EN HVER VEIT HVAÐ FRAMTÍÐIN BER Í SKAUTI SÉR. HARALDUR ER SÖNGVARI Í ROKK-
HLJÓMSVEIT OG STEFNIR Á FRÆÐ OG FRAMA Á ÞVÍ SVIÐI.

„Ég söng fyrst opinberlega þegar ég var í fyrsta bekk í MS,“ segir Haraldur Þór Haraldsson, rokkari af guðs náð. Haraldur er söngvari í hljómsveit sem kallar sig Pilots en sú ágæta grúppa er komin í pásu um óákveðinn tíma. Saga Haraldar er mögnuð því þegar hann fæddist var talið að hann myndi enda í hjólastjól.

MEÐ ÓPROSKAÐ MJADMABEIN

Haraldur er jafnan kallaður Halli Þór, eða Halli halti. Ástæðan fyrir síðara uppnefninu er að hann er haltur. Þegar Halli halti fæddist var mjadmabein hans ekki nægilega þroskað. „Það var talið að ég myndi enda í hjólastól,“ segir Halli sem fór aðeins nokkurra daga gamall í sína fyrstu skurðaðgerð. Það var svo þegar hann var sex ára gamall sem hann mætti örlögum sínum. „Mér var hent í sund þegar ég var sex ára gamall og ég látinn synda. Foreldrar mínir bönnuðu mér að hætta og á endanum fór ég að hafa gaman að þessu,“ segir Halli halti, en þess má geta að sunnið bjargaði honum frá hjólastólum.

HÚMOR FYRIR FÖTLUN SINNI

Halli halti er ekki við eina fjölinu felldur. Hann náði langt í sundi fatlaðra þar til kom að vissum vendipunkti. „Ég er fyrrverandi fatlaður sundmaður,“ segir Halli. „Ég var rekinn því ég var ekki nógu fatlaður.“ Þegar Halli halti var orðinn sextán ára



HINN ÞURRKAÐI HATFIELD
Í METALLICU ER LÆRIFADIR
HALLA ÞÓRS.

var hann kominn í B-landsliðshóp fatlaðra. Hann var kominn til Sheffield þar sem hann fór í alþjóðlega fötlunarflokkun. Til þess að komast í fötlunarflokk S-10 þarf að vera með fimmtán stig í fötlunarmatinu. „Ég var með þrettán. Hann vildi ekki taka til greina að ég er rauðhærður, sem er fötlun á háu stigi,“ segir Halli og skelli hlær. „Upp frá því fór ég að synda með ófötlunum en ég næ ekki að synda jafn hratt og þeir. Fljótlega eftir það lagði ég sundskýluna á hilluna.“ Hann segist aldrei hafa verið lagður í einelti eða neitt slíkt um sína daga. „Ég held að lykillinginn að því sé að hafa húmor fyrir sjálfum sér. Maður verður að gera sér grein fyrir því að þegar fólk er að kalla mig haltan þá er það ekki að fara með rangt mál, ég er haltur.“

NÆR ÁGÆTUM TÓNUM

Þegar sundskýlan var komin á hilluna reif Halli í míkrofónin og fór að syngja. *Hefurðu lært söng?* „Nei, ertu bilaður maður!“ segir Halli og skelli hlær.



HALLI BER ÞESS MERKI
AÐ HAFI FARIÐ Í FJÖLDA
AÐGERDA ÚTAF MJADMA-
BEININU SÍNU.

Ertu góður söngvari?

„Ég reyni að forðast að segja það. Það eru þó margir sem segja að maður ná falletum tónum hér og þar, ég er engin stórstjarna allavega,“ segir Halli sem hefur þó trú á söngferlinum ef hann gefur sér nægan tíma.

HANDBOLTAROKKIÐ HEILLAR

Halli er sem fyrr segir í hljómsveit sem kallar sig Pilots. Hægt er að hlusta á lög með sveitinni á rokk.is. Þess á milli vinnur hann sem vaktmaður á Landspítalanum og borðar mat í óhóflegu magni. Hljómsveitin Pilots spilar svokallað handboltarokk og segir Halli það vera heillandi tónlistarstefnu.

Þú ert bjartasta von handboltarokksins, ekki satt?

„Skærbjartasta,“ segir Halli og hlær.

Hvernig tónlist hlustarðu á?

„Svona hart rokk, svo get ég farið yfir í Clay Aiken og FM draslið. En ég hlusta ekki á hvað sem er, maður er náttúrulega vandur að virðingu sinni, þótt maður taki stundum Britney þegar maður er fullur.“ Halli hefur verið á föstu í fimm ár og trúlofaður í þrjú.

Einn maki eins og mörgæsirnar?

„Etlí það ekki, haltrandi um með frosið tippi.“

-SHS

ÁRAMÓTAHEIT OG ALLSKONAR SHIIIT

Jæja, það er officially 2006 núna. Tíminn liður eiginlega aðeins of hratt, ef einhver kann að hægja á honum væri það vel þegið. Við erum farnir að finna það strákarnir að við erum að verða eldri en sólin. PartyHanz þarf til dæmis að vakna þrisvar á nóttinni til þess að kúka og svo eru menn orðnir sköllóttir og étandi viagra hægrí vinstri. Það er alltof mikið.

Núna setja flestallir sér einhver áramótaheit, er það yfirlieitt eitthvað eins og að koma sér í betra form eða ná sér í meira money. Ég er búinn að ákveða það að ég ætla að dömpa öllum gömlu vinunum. Ég eignaðist helling af “celebrity friends” á árinu sem var að ljúka og ég ætla bara að láta korktappa í þessa no-name félagi sem maður hefur átt hingað til. Nú eru nýju vinir mínir Arnar Grant, Dóddi Litli, Geir Ólaf, Auddi Bló, Rob Schneider, Eður Smári, Gylfi Einar, Hafsteinn Austmann, Pétur Jóhann, Hjóbba Ká, Jón Gunnar Geirdal, Sveppi, Logi Geirs, Reynir Traustason og Ásgeir Kolbeins svo einhverjir séu nefndir. Ef þú ert ekki frægur þá ertu ekki vinur minn, það er áramótaheitið mitt.

PartyHanz kallaði á mig um daginn þegar hann var að skeina sér og sagði mér að klósettpappírinn hans segði að ég væri ískaldur. Ég skildi ekki hvern andskot-



ann hann meinti, en hann útskýrði fyrir mér að hann skeinir sér alltaf með einhverju tímariti sem heitir Birta. Í “heitt og kalt” stóð að Kópavogströlllið væri ískalt. Þar var sagt að menn sem væru í fjölmiðlum mættu ekki segja „skíta á punginn á sér.“ Málið er bara það að Neggerinn tekur á ÖLLUM málum, það er ekkert honum óviðkomandi. Þegar Geiri Kolb hringdi í mig um daginn í sjokki yfir því að hafa skitið á punginn á sér fann ég mig knúinn til þess að ræða það við hann og hjálpa honum að róa sig niður. En Hjóbba Ká sagði að kellingarnar sem skrifa í þetta blað líti út eins og rassgat-ið á Villa WRX þannig að ég

er ekki mikið að kippa mér upp við þetta.

Eður Smári var valinn íþróttamaður ársins 2005. Það kom kannski ekki á óvart þar sem hann vann jú ensku deildina og það hefur engum Íslending tekist áður. Hann Guddi fékk fullt hús stiga en þeir sem velja þetta eru samtök offitusjúklinga, öðru nafni samtök íþróttafréttamanna. 23 fituklessur skiludu inn kjörseðli og alls fengu 29 íþróttamenn atkvæði. Það voru nokkur nöfn þarna sem enginn hafði heyrt áður. Það veit til dæmis enginn hver Björgvin Björgvinsson er. En Benedikt Magnússon, sem með réttu ætti að vera í topp þremur sætumum, komst ekki á lista. Hann Benedikt afrekaði það að lyfta 440 kílóum í réttstöðulyftu og hárnæra fyrra metið sem var 425kg. Það þýðir einfaldlega það að hann gæti velt bílnum hans Henýs Birgis og það með hann innanborðs.

Það er ekki til nógu mikill pappír til þess að skeina þessum mongólítum í íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands. Hvað hafa Íslendingar alltaf átt? Helhrausta karlmenn og myndarlegt kvenfólk! En kraftlyftingar eru ekki lengur innan ÍSÍ og þess vegna er toppíþróttamaður eins og Benedikt Magnússon ekki einu sinni á styrk. Ég hvet Rekstrarvörur að fjórfalda næstu sendingu af klósettrúllum til þessa pappakassa sem vinna þarna.

En vona að þunglyndismánuðurinn janúar fari ekki illa með ykkur.

Þangað til næst, sææælar!
Kv, Gillz

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINN TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

LAUGARDALSHÖLLIN FÆR AÐ TITRA UM HELGINA. Á MORGUN ERU SVOKALLAÐIR HÆTTIÐ! TÓNLEIKAR EN Í DAG ERU AÐRIR STÓRTÓNLEIKAR Í BOÐI AYGO.

ÞEIR KRUMMI OG FROSTI Í MÍNUS KOMA FRAM Á TÓNLEIKUNUM Í DAG EINS OG BARDI SEM MUN TRYLLA LÝÐINN MEÐ BANG GANG.



DR. SPOCK TEKUR TIL HENDINNÍ Í DAG.



SIGGI STÓRI Í HJÁLNUM MUN ÞENJA BARKANN Í HÖLLINI.



HAIRDOCTOR LÆKNAR ÖLL SÁR TÓNLIST-ARUNNENDA.

ÓKEYPIS STÓRTÓNLEIKAR Í HÖLLINI

Það verður nóg um að vera í Laugardalshöll í dag klukkan 18. Í tilefni þess að Toyota kynnir til leiks nýja smábílinn AYGO verður blásið til tónleika. Hljómsveitirnar sem spila eru ekki af verri endanum en það eru Mínus, Bang Gang, Hjálmar, Brain Police, Dr. Spock, Hairdoctor og Beatmak-in Troopa. Eitthvað er liðið frá því að Mínusliðar stígu síðast á stökk en þeir hafa sagt að þetta verði þeirra síðustu tónleikar þangað til í haust. Barði Jóhannsson úr Bang

Gang er á leiðinni til útlanda að taka upp nýja plötu og því gæti orðið bið eftir næstu tónleikum Bang Gang. Hinar sveitirnar eru í fullri sveiflu og spila grimmt þessa dagana. Miðaverði á tónleikana er stillt í hóf ef svo má að orði komast; það kostar ekkert inn. Miða á tónleikana er hægt að nálgast í AYGO-hjólhýsinu á Lækjartorgi eftir klukkan fjögur í dag. Ekkert aldurstakmark er á tónleikana og því ættu allir að geta rokkað í dag.

Sódoma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVI Á LEIÐINN TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

SKEMMTISTAÐIR

FÖSTUDAGUR 6. JANÚAR

HRESSÓ

Hljómsveitin Touch mun hefja kvöldið á Hressingarskálunum áður en plötusnúður hússins, sem mundi vera hann Doddi litli, kemur og gerir allt mergbrjálað. Mergbrjálað segjum við.

SÓLON

Gáfaðasti plötusnúður landsins, Heiðar Austmann, spilar á efri hæð Sólons. Hann kryddar eitthvað skemmtilegt fyrir gesti Sólons. Þú mátt bóka það.

PRAVDA

Áki Pain mætir svona líka hress í dj-búrið á Pravda eftir miðnætti. Sætar stelpur munu hrista rassinn og strákarnir fylgjast að sjálfsögðu með.

KAFFIBARINN

Benni B-Ruff verður megahress á Kaffibarnum og framleiðir hip hop og R&B-stemningu eins og hún á að vera. Þetta er ekki eitthvað djók...við meinum þetta.



CAFÉ ÓLIVER

Dj Bling, eða Balli eins og hann er kallaður, verður með alla hittarana á Café Óliver. Hann verður því líkt hress á dansgólfinu.

LAUGARDALSHÖLLIN

Stræta þrettándapartíð verður í Höllinni í ár. Það er frítt inn og lögmál götunnar er alveg málið. Hljómsveitirnar Mínus, Bang Gang, Hjálmar, Brain Police, Dr. Spock, Hairdoctor og Beatmakin' Troopa troða upp. Herlegheitin eru í boði Toyota Aygo og hægt er að nálgast miða á tónleikana í Aygo-hjólhýsinu á Lækjartorgi milli kl. 17 og 20 alla daga fram að tónleikumum og á öllum helstu útvarpsstöðvunum. Ekki er hægt að komast inn á tónleikana án þess að hafa miða. Reddaðu þér miða NÚNA!

THORVALDSEN BAR

Það er enginn annar en Daddi diskó sem verður í stuðinu í dj-búrinu á Thorvaldsen í kvöld. Daddi diskóbolti er alltaf hress á Thorvaldsen, svo mikið er víst.

DILLON BAR

Hún Andrea Jónsdóttir verður með tónlistina á hreinu á Dillon-barnum.

PRIKIÐ

Hann Jói kallinn verður í svaka stuði á þessu fyrsta föstudagskvöldi nýs árs á Prikinu. Hann mun massa þetta kallinn.

HVERFISBARINN

Dj Maggi af Flass 104,5 verður í stuðinu á Hvebbanum. Hann Maggi kann sitt fag og mun galdra partístemningu eins og honum einum er lagið.

LAUGARDAGUR 7. JANÚAR

PRIKIÐ

Það er engin önnur en hún Dj De La Rósa sem blandar einhvern voða kokkteil af elektró, 80's tónlist, hip hop, jazz og fleira fallegt. Hún Rósa er með þetta. Ekkert kjaftæði.



KAFFIBARINN

Það er enginn annar en hann Kristinn Gunnar Blöndal, eða KGB eins og hann kallar sig, sem spilar á Kaffibarnum. Kristinn er einn af bestu plötusnúðum sem þetta land hefur alið og verður stemningin allsvakaleg

DILLON BAR

Andrea Jónsdóttir verður á plötuspilaranum á Dillon og rosa hress eins og þessari elsku er einni lagið.

HRESSÓ

Trúbadorinn Hemmi byrjar að massa stemninguna klukkan tíu og spilar til klukkan eitt og þá kemur hann Johnny kallinn og spilar fram á rauða nótt.

CAFÉ ÓLIVER

Plötusnúðurinn J.B.K. verður í fullu swingi alla nóttina á Óliver. Hann er þekktur fyrir hressleika og er að gera góða hluti á laugardagskvöldinu.

HVERFISBARINN

Jú, jú það er hann Maggi á Flass 104,5 sem verður hress á kantinum á Hverfisbarnum. Það verður allt kreizí, við erum að segja þér það.

THORVALDSEN BAR

Stuðboltinn Daddi Diskó verður hress á kantinum á Thorvaldsen í Austurstræti. Hann þekkir skemmtanabransann eins og lófann á sér og getur galdrað fram alveg allsherjarstemningu.

PRAVDA

Plötusnúðurinn Áki Pain mun sjá um partístemninguna frá miðnætti á efri hæð Pravda. Áki er þaulvanur plötusnúður þannig að ef einhver kann að krydda upp partíin þá er það hann.



NASA

Hljómsveitin Grafík spilar fyrir dansi á Nasa og byrjar á slaginu ellefu. Miðaverðið er þúsundkall og verður að sjálfsögðu alveg megastuð á þessum tónleikum. Hvað annað??

SÓLON

Heiðar Austmann verður ógeðslega hress á efri hæð Sólons Hann verður svo hress að það er ekki eðlilegt. Á neðri hæð staðarins verður gestaplötusnúður að gera góða hluti.

FIMMTUDAGUR 12 JANÚAR

SÓLON

Eins og vanalega er grænn fimmtudagur á Sólun. Dj Greenhouse er á neðri hæðinni með elektrónískt session og á efri hæðinni verða Böddi og hans félagar að gera einhverja góða hluti.

NASA

Rúnar Þórisson, sem er þekktur úr hljómsveitinni Grafík, heldur tónleika af plötunni sinni Ósögð Orð og ekkert meir ásamt hljómsveitinni sinni. Húsið opnar á slaginu níu.

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA



FÓTBROTINN HEIMA

„Ég ætla að vera heima hjá mér fótbrotinn um helgina,“ segir Kristó, söngvari hljómsveitarinnar Lights On the Highway. Blaðmanni leikur forvitni á að vita hvað gerðist. „Það réðst á mig hurð og ég ákvað að ráðast á hurðina á móti. Ekki „smart move“ get ég sko sagt þér,“ bætir Kristó við, ekkert sérlega sáttur en þó glaður. En hvað væri hann að gera um helgina ef hann væri ekki fótbrotinn? „Ég væri örugglega að spila einhvers staðar um helgina með bandinu eða með Franz vini mínum á Prikinu. Við höfum tekið nokkur kvöld þar.“ Það er von allra að Kristó hressist og verði mættur við míkrofóninn innan skamms.



DJAMM OG BANDA-RÍKJAFERÐ EFTIR HELGI

„Þar sem ég er fara aftur til Bandaríkjanna í skólann á mánudaginn ætla ég að kíkja á djammið um helgina,“ segir Sólveig Kára-dóttir, módel og nemi. Hún ætlar greinilega að kveðja Ísland almennilega. Sirkus Rvk lék forvitni á að vita á hvaða staði hún ætlar að kíkja. „Ég ætla bókað að kíkja á Sirkus og Kaffibarinn og síðan er Rósa vinkona mín að spila á Prikinu. Kíki örugglega á hana.“ En hvað ætlar Sólveig að gera á sunnudaginn? „Ylfa, ein af mínum bestu vinkonum, er að spila með Úlfi Chaka á Kaffibarnum á sunnudagskvöldinu. Ég ætla að vera dj-hóran hennar á sunnudaginn,“ segir Sólveig hlæjandi. Sirkus óskar Sólveig góðrar helgar.

LEIKHÚS

FÖSTUDAGUR 6. JANÚAR

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Hið geysivinsæla grínleikrit, Fullkomið brúðkaup, er sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar og er að gera allt bandbrjálað þar á bæ. Sýningin hefst klukkan 19 og eru örfá sæti laus síðast þegar Sírkus tjekkaði á því. Nú fer hver að verða síðastur.

TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað fram í leikritinu sem sýnt er á stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta brilljant leikrit sem sló í gegn þegar það kom út í Berlín. Leikritið fjallar um um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og hafði skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er unnin upp úr fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.

LAUGARDAGUR 7. JANÚAR

WOYZECK

Nick Cave sér um tónlistina í þessu leikriti sem er að gera góða hluti í Borgarleikhúsinu. Með aðalhlutverk fara Ingvar E. Sigurðsson, Björn Hlynur Haraldsson og Nína Dögg Filippusdóttir. Sýningin hefst kl. 20.00.



BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún hefur ekki talað við í sjö ár. Leikritið er sýnt á litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað í þessu leikriti sem er sýnt á stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta brilljant leikrit sem sló í gegn þegar það út kom út í Berlín. Leikritið fjallar um um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa.

SUNNUDAGUR 8. JANÚAR



KALLI Á ÞAKINU.

Í hlutverki Kalla á þakinu er enginn annar en hann sjálfur. Þetta er bráðskemmtileg barnasýning fyrir alla fjölskylduna. Kalli verður í Borgarleikhúsinu kl. 14.



TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað fram í leikritinu sem sýnt er á stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta brilljant leikrit sem sló í gegn þegar það út kom út í Berlín. Leikritið fjallar um um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og hafði skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er unnin upp úr fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum.



SALKA VALKA

Ilmur Stefánsdóttir er Salka Valka eftir Halldór Laxness. Halldóra Geirharðsdóttir leikur mömmu hennar, Sigurlínu, í leikriti sem hefur fengið glimrandi góða dóma.



MANNTAFL

Síðustu sýningar standa yfir á einleik Þórs Túlníus. Nú fer hver að verða síðastur að tjekka á þessu snildarleikriti sem sýnt er í Borgarleikhúsinu.

SÝNINGAR

YGGDRASIL

Myndlistarmaðurinn Tolli verður með sýningu til 25. janúar.



HALLGRÍMSKIRKJA

Til febrúarloka verða Kristín Gunnlaugsdóttir og Margrét Jónsdóttir með sýningu þar.



LISTASAFN ÍSLANDS

Ný íslensk myndlist II – Um rými og frásögn. Þetta er sýning á verkum 13 íslenskra samtímalistamanna og stendur hún yfir til 12. febrúar 2006.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Það er allt að ske þar á bæ. Sýningin Huldukonur í íslenskrum myndlist verður í Bogasal til 28. maí. Ljósmyndir Marco Paoluzzo eru í myndasal og einnig ljósmyndir Péturs Thomsen til 20. febrúar.

CAFÉ BABALÚ

Claudia Murkowski verður með sýninguna Even if tomorrow is not granted, I plant my tree. Café Babalú er á Skólavörðustíg 22a.

SÓLON

Dóra Emils er með sýninguna Heyr himna smiður til 14. janúar.

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

Á veitingastofunni Matur og menning í Þjóðmenningarhúsinu eru sýnd málverk eftir Hjört Hjartarson. Sýningin nefnist Myndir frá liðnu sumri.

GUÐ+

Hartmut Stockter er með sýningu sem stendur yfir til 16. janúar.

AURUM

Lóa Hjálmtýsdóttir sýnir fíguratíva mynd sem unnin er með lakki.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR KJARVALSSTAÐIR

Sýning verður á verkum Jóhannesar Sveinssonar Kjarval þar sem 120 ár eru liðin frá fæðingu málars. Sýningunni lýkur 19. mars.



KARÓLÍNA RESTAURANT

Óli G verður með sýninguna Týnda fiðrildið þar til í lok apríl 2006.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Til 20. febrúar verða ljósmyndir Marco Paoluzzo í myndasal og einnig ljósmyndir Péturs Thomsen. Til 28. maí verða Huldukonur í íslenskrum myndlist í Bogasalnum.



LISTASAFN REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚSIÐ

Það er enginn annar en hann Erró sem verður með sýningu á verkum sínum til 23. apríl.

KLING OG BANG, GYLLINHÆÐ

Næstu tvær vikur eða svo verður myndlistasýning eftir þau Berglindi Jónu, Áslaugu Írísu, Bjarka og Björk. Öll eru þau nemendur í myndlistadeild Listaháskólans.

GALLERÍ SÆVAR KARL

Myndlistarmaðurinn Helgi Már Kristinsson opnar sína fyrstu einkasýningu á laugardaginn klukkan tvö og mun hún standa yfir í einhvern tíma. Fylgist með.



NJÓTTU LÍFSINS
MEÐ HEILBRIGÐUM
LÍFSSTÍL



KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust. Í því eru hvorki sætuefni né önnur hjálparefni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.



KEA
Skyr



FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA